

Grunnskólinn í Þorlákshöfn reglur um mætingar

Reglur þessar taka gildi frá 4. september 2018.

Hver fjarvist úr skóla telur 2 stig og seint telur 1 stig. Ef nemandi er vísað úr kennslustund telur það 2 stig. Allir nemendur byrja að hausti með 10 í mætingareinkunn. Umsjónarkennarar senda forráðamönnum nemenda yfirlit yfir mætingu í gegnum Mentor einu sinni í mánuði.

Merkt er seint ef nemandi er ekki kominn 5 mínútum eftir að kennslustund hefst ef nemandi er ekki kominn þegar 20 mínútur eru liðnar af kennslustundinni er merkt við fjarvist.

Allir nemendur geta sótt um að gera skólasóknarsamning við skólastjórnendur og með því hækkað einkunn sína. Til þess að fá einkunn hækkaða þarf að vera með óaðfínanlega mætingu á umsömdu tímabili. Nemendur með skólasóknarsamning geta þó aldrei hækkað einkunn sína hærra en 8.

Mikilvægt er að ræða ávallt mætingu og skólasókn með það í huga að bæta hegðun, ábyrgð og áhuga nemandans á skólanum. Nemendum er ávallt gefinn kostur á að bæta ástundun.

Meta þarf hverju sinni hvort nemendur í 1. -7. bekk mæti með foreldrum/forráðamönnum á fundi í skóla vegna mætinga.

Ferli eftirfylgdar með fjarvistum

7 stig

Umsjónarkennari ræðir við nemanda og foreldrum sent bréf í gegnum Mentor

15 stig

Umsjónarkennari hringir í foreldra og ræðir við nemandann, tilkynnt til skólastjórnenda

30 stig

Fundur í skóla með umsjónarkennara, foreldrum, nemanda og skólastjórnanda.

50 stig

Nemendaverndarráð skólans tilkynnir skólasókn nemandans til Félagsþjónustu Árnesþings

Ferli eftirfylgdar með veikindum og leyfum

ATH! Forráðamenn verða að sækja sérstaklega um leyfi sem er lengra en þrjú dagar á þar til gerðu eyðublaði.

1. stig – 8 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 48 kennslustundir

Ef nemandi er með fleiri en 8 forfalladaga án málefnalega skýringa sendir umsjónarkennari bréf til foreldra/forráðamanna (ástundun-bréf til foreldra) og hringir heim.

2. stig – 15 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 90 kennslustundir

Ef nemandi er með fleiri en 15 forfalladaga án málefnalega skýringa sendir umsjónarkennari aftur bréf til foreldra/forráðamanna (ástundun- bréf til foreldra) og ræðir við foreldra. Ef 80% af þessum fjarvistum eru veikindadagar hringir skólahjúkrunarfræðingur heim og málið er rætt í nemendaverndarráði

3. stig – 20 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 90 kennslustundir

Ef nemandi er með fleiri en 20 forfalladaga án málefnalega skýringa eru málefni nemandans rædd á nemendaverndarráðsfundi og skólastjórnandi boðar foreldra til fundar ásamt umsjónarkennara og námsráðgjafa.

4. stig – 30 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 180 kennslustundir

Ef nemandi er með fleiri en 30 forfalladaga án málefnalega skýringa tilkynnir skólastjórnandi nemendaverndarráði skólans um skólasóknina og tilkynnir málið til Félagsþjónustu Árnesþings.

Ath! Til málefnalega skýringa teljast t.d. læknisvottorð og undirritaðar leyfisbeiðnir foreldra.

